



Grunnskólar Garðabæjar

Tölvur og tækni

1.tbl. desember 2015

Hér lítur fyrsta fréttabréf um tölvur og tækni dagsins ljós. Kennsluráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar ætla að halda úti fréttum um það helsta sem er að gerast í þessum málum og tengjast skólastarfi. Við munum kynna ýmis konar hugbúnað og smáforrit og gefa dæmi um notkun þess og er það von okkar að þeir sem hafa áhuga á að forvitnast frekar um það sem hér er að finna komi til okkar og fái frekari upplýsingar og aðstoð.



Gagnaukinn veruleiki (Augmented reality) QuiverVision.com

Augmented reality eða gagnaukinn veruleiki er sú tækni sem er hvað líklegust til að hafa áhrif á hvernig við notum upplýsingatæknina í framtíðinni. Þessi tækni hefur áhrif á hvernig við skynjum og höfum áhrif á umhverfi okkar. Í vissum skilningi má segja að tæknin geri


umhverfinu kleift að upplýsa okkur um sig sjálf - t.d. getum við beint snjallsímanum að tilteknu fjalli og fengið að vita hvað það heitir, hvað það er hátt, o.s.frv. Við getum líka notað þessa tækni til að koma fyrirbærum fyrir í umhverfinu sem eru ekki annars til staðar (Tryggvi Thayer. Tekið af: <http://tryggvi.blog.is/blog/tryggvi/entry/1235078/>) Í App store er hægt að nálgast smáforritið Quiver- 3D Coloring App sem einmitt byggir á augmented reality. Byrja þarf á því að prenta út myndablöð. Snjalltækinu er beint að blaðinu og myndin „lifnar“ við. Mögulegt er að horfa á myndina frá ýmsum sjónarhornum og stundum leynist lítill leikur í myndinni. Myndin verður enn líflegri og skemmtilegri ef hún er lituð áður en hún er lífuguð við. Margar af myndunum tengjast ýmsum námsgreinum t.d. landafræði, náttúrufræði o.s.frv. Fyrirtækið bætir efni við reglulega og þá þarf að uppfæra smáforritið.

[Kíkið á stutt kynningarmyndband](#)



Youtube spilunarlisti

Það getur sparað tíma að búa til spilunarlista á Youtube. Á spilunarlistann er hægt að setja fræðslumyndir (lífsleikni, landafræði o.fl) og/eða skemmtiefni sem sýna á bekknum. Einnig getur verið gott að búa sér til spilunarlista með jólalögum fyrir jólin, sem nú nálgast óðfluga. Byrja verður á því að búa sér til Youtube aðgang og skrá sig inn til að geta búið til spilunarlista. Hægt er að deila spilunarlista með öðrum eða halda honum fyrir sig.



Smáforritahornið (APP-hornið)

Til eru ýmis smáforrit (öpp) sem þjálfa rökhugsun og kynna grunngildi forritunar. Þessi smáforrit henta nemendum á grunnskólastigi, jafnvel allt niður í leikskóla. Smáforritin eru n.k. þrautaleikir. Gott er að byrja með yngstu nemendurna í **Run Marco** því allar skipanir eru á íslensku. Eftir að búið er að hlaða niður tveimur eða fleiri smáforritum er sniðugt að búa til möppu með því að draga táknmyndirnar saman og gefa möppunni lýsandi nafn.

		
Run Marco	Daisy the Dino	Tynker
		
Scratch Jr (Frítt)	Lightbot (Frítt)	A.L.E.X (Frítt)
		
Lego Mindstorms (Frítt)	Kodable (Frítt)	Leapin' Frog (Frítt)

Quizlet

Quizlet (<http://www.quizlet.com>) er ókeypis veflæg lausn sem gerir notendum kleift að setja inn efni á einfaldan hátt. Efnið getur tengst hverju sem er. Úr efninu verða til s.k. leifturspjöld „Flashcards” og einfaldir leikir og próf sem auðvelda nemandanum að læra og festa tiltekna hluti í minni. Þess má geta að til er fjöldinn allur af tilbúnum verkefnum /spjöldum sem hægt er að nálgast á vefsíðunni með því að slá efnisorð í leitarreitinn. Sláið inn leitarorð á íslensku t.d. íslenska, enska, kraftur, danska, dagar o.s.frv. og þið fáið aðgengi að ógrynni verkefna sem íslenskir kennarar hafa verið duglegir að búa til og deila. Hægt er að búa til ókeypis kennaraðgang og setja upp bekk og úthluta nemendum ákv. verkefnum að leysa. Greiða þarf þó sérstaklega fyrir ef kennarar vilja fylgjast með framgangi nemenda og búa til verkefni með hljóðum.

<p><i>Scatter- leikurinn í Quizlet</i></p>	<p><i>Leifturspjöld (Flashcard)</i></p>

Hér má nálgast [leiðbeiningar](#) og [hugmyndir](#) fyrir kennara.

Ábyrgðarmenn:

© Kennsluráðgjafar Garðabæ